

Þriðjudaginn 21. nóvember 1989.

Nr. 412/1989. **Hilmir S. Hálfðánarson**

gegn

Lind hf. og

Eggerti Óskarssyni borgardómara.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 24. s.m. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1989.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili Lind hf. krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurður héraðsdóms um málskostnað verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Eggert Óskarsson borgardómari. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, hljóðar svo:

„Mál þetta fellur niður.

Málskostnaður fellur niður.“

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni. Þar segir m.a. svo:

„I. Mál þetta hefur Lind hf.,, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Hilmi S. Hálfðánarsyni,, Hafnartúni 32, Siglufirði, með stefnu, birtri 24. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að

greiða stefnanda 2.979.862,00 kr.....Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað.....

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.....

II. Málsatvik eru þau, að með samningi um fjármögnunarleigu, dags. 17. júlí 1987, milli aðila máls þessa tók stefnandi að sér að fjármagna kaup og leigja stefnda bátinn Ösp, NS 141. Viðmiðunarverð leigu var 2.000.878,00 kr. miðað við vísitölu lánskjara 1721 stig. Leigugjald skyldi greiða með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 31. ágúst 1987.

Með samningi um fjármögnunarleigu, dags. í febrúar 1988, milli stefnanda annars vegar og stefnda og Ómars Geirssonar hins vegar tóku hinir síðarnefndu á leigu fiskibátinn Fáfni, SF 14. Jafnframt var fyrirhugað, að fyrri bátur yrði seldur eða leigður öðrum.

Í apríl 1988 lá fyrir, að aðilar í Stykkishólmi, Björgvin Ragnarson og Sævar Ingi Lýðsson, höfðu hug á að taka við leigusamningi stefnda um bátinn Ösp, NS 141, og var stefnandi samþykkur því. Þessir aðilar fengu heimild til að sækja bátinn til stefnda, jafnframt því sem þeir gerðu upp við stefnda eignarhluta hans í bátnum, 312.859,00 kr. Eftir að báturinn var kominn til Stykkishólms, kom fram í honum vélarbilun, og kaupum á eignarhlut stefnda í bátnum var rift með símskeyti 18. apríl 1988. Hafði þá ekki verið gengið frá viðtöku samningsins gagnvart stefnanda.

Hinn efnislegi ágreiningur málsins snýst um uppgjör á greindum fjármögnunarsamningi aðila um bátinn Ösp, NS 141, dags. 17. júlí 1987, svo og um viðgerðarkostnað bátsvélarinnar.

III. Stefndi rökstyður mál sitt með því, að komist hafi á gildur og gagnkvæmur samningur um fjármögnunarleigu milli aðila. Stefndi hafi staðið við skyldur sínar samkvæmt samningnum, m.a. með því að greiða kaupverð bátsins. Stefnda hafi borið að greiða leiguna á fyrir fram umsömdum gjalddögum, þar til annar samningur hefði verið gerður við viðsejendur hans. Fyrr ljúki ekki skyldum hans samkvæmt samningnum. Stefndi beri ábyrgð á öllu tjóni, er hið leigða verði fyrir á samningstímanum. Um þetta vísar stefndi til samnings aðila, sbr. og l. nr. 39/1972, um lausafjárkaup, svo og til grunnreglna samningaréttar. Um rétt sinn til upp-

sagnar og uppgjör vísar stefnandi til gr. 2.1.-2.2. í samningi.
Stefnandi sundurliðar stefnufjárhæð svo í stefnu:

Gjaldfallnar afborganir.....	kr.	420.812,00
Viðgerðarkostnaður	kr.	348.531,00
Gjaldfallnar eftirstöðvar.....	kr.	2.210.519,00
		<u>Alls kr. 2.979.862,00</u>

Stefndi styðst við það, að stefnandi hafi í mars-apríl 1988 leyst stefnda undan greindum samningi, og þar með hafi stefndi verið laus allra mála. Stefndi hafi og samkvæmt útreikningum stefnanda sjálfs þá verið skuldlaus með öllu við stefnanda. Stefndi sé ekki lengur aðili að samningi þessum eða leigumála og verði því ekki krafinn um neinar greiðslur samkvæmt honum, hvorki leigugreiðslur né fébætur eða aðrar greiðslur, sem rót sína eigi að rekja til hans. Telur stefndi, að stefnandi verði að beina kröfum sínum að leigutaka, þ.e. þeim Björgvin Ragnarssyni og Sævari Inga Lýðssyni, eða bera tjón sitt sjálfur. Þá telur stefndi, að kröfuliður í stefnu um gjaldfallnar eftirstöðvar, að fjárhæð 2.210.519,00 kr., standist ekki samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, og beri af þeirri ástæðu að sýkna stefnda einnig af þeim kröfulið.

IV. Í upphafi aðalmeðferðar máls þessa hinn 29. september 1989 gerðu aðilar stuttlega grein fyrir málinu í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga nr. 85/1936. Síðan fóru fram skýrslutökur fyrir dómi. Að þeim loknum var eftirfarandi fært til bókar: „Lögmenn lýstu yfir, að aðilar væru sammála um það, að mál þetta yrði fellt niður. Lögmaður stefnanda lýsti yfir, að ekki yrðu uppi hafðar frekari kröfur á hendur stefnda vegna málsins, fallið sé frá kröfum á hendur stefnda í málinu.

Lögmaður stefnda krefst málskostnaðar til handa stefnda og ítrekar málskostnaðarkröfu sína skv. dskj. nr. 10 A.

Lögmaður stefnanda mótmælir málskostnaðarkröfu stefnda, og samkomulag tókst ekki þar um.

Lögmenn tjáðu sig um ágreiningsefnið og urðu sammála um að leggja það í úrskurð réttarins.

Málið var tekið til úrskurðar.“

Stefndi gerir kröfu til fyllsta málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þá kröfu sína styður hann einkum við 1. mgr. 180. gr., sbr. 177. gr., laga nr. 85/1936. Stefnandi hefur andmælt þessum lagasjónarmiðum stefnda um málskostnað og telur, að dómurinn sé ekki bundinn af 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af framangreindu bókðu samkomulagi aðila um niðurfellingu málsins verður ekki talið, að stefndi geti reist málskostnaðarkröfu sína á ákvæðum 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá verður ekki heldur talið, að um hafningu máls sé að ræða í skilningi 1. mgr. 180. gr. sömu laga, svo sem úrskurðarefnið var lagt fyrir.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af álitassjónarmiðum 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir eftir atvikum máls rétt vera, að málskostnaður falli niður.“

Aðilar urðu sammála um að fella málið niður, en þá greindi á um málskostnað. Með þeim varð ekki formleg réttarsátt um hafningu málsins, en ákvörðun héraðsdómara um málskostnað í tengslum við hana hefði mátt kæra til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1961, sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar. Við svo búið bar héraðsdómara þrátt fyrir orðalag 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, að ljúka málinu með hafningardómi, en ekki með úrskurði, sem var andstætt lögum.

Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærúmálskostnaður falli niður.

II.

Með sérstakri kæru 12. október 1989 hefur Kjartan Ragnars hæstaréttarlögmaður f.h. Hilmi S. Hálfðánarsonar kært héraðsdómara, Eggert Óskarsson borgardómara, með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 „fyrir, að því er Hilmi S. Hálfðánarsyni, með því að hluta sinn í dómarastarfi í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8530/1988: Lind hf. gegn Hilmi S. Hálfðánarsyni, með því að dæma honum ekki málskostnað samkv. 1. mgr. 180. gr., sbr. 177. gr., laga nr. 85/1936 með úrskurði í ofangreindu bæjarþingsmáli, upp kveðnum 29. sept. sl., sem hljóðar svo:

„Mál þetta fellur niður.

Málskostnaður fellur niður.“

Fyrir Hæstarétti eru þær dómkröfur gerðar, að yður verði veitt áminning eða gert að greiða sekt til ríkissjóðs. Jafnframt er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi yðar.“

Í greinargerð 29. október 1989 hefur sóknaraðili fallið frá kröfu um kærumálskostnað. Í greinargerðinni segir m.a. svo: „Kæra þessi á hendur dómara málsins er lögð fram til að koma í veg fyrir, að úrskurður héraðsdóms í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8539/1988 fái að standa átölulaust, ef fyrra kærumálinu verður vísað frá Hæstarétti vegna skorts á kæruehimild. Verði fyrra kærumálinu þannig vísað frá Hæstarétti, er sóknaraðili málsins algerlega varnarlauus gagnvart þeirri ákvörðun héraðsdómara að fella niður málskostnað í málinu, sem sóknaraðili telur með öllu löglausa. Hins vegar fengist þá væntanlega í þessu kærumáli úr því skorið, hvort héraðsdómara hafi verið rétt að fella niður málskostnaðinn, þar sem hann yrði væntanlega því aðeins látinn sæta ábyrgð samkv. 2. mgr. 21. gr., að hann yrði talinn hafa fellt niður málskostnað andstætt lögum. Er nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, ekki aðeins vegna málskostnaðarkröfu sóknaraðila í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 8530/1988, heldur einnig og ekki síður vegna hins að fá úr því skorið, hvort ýmis ákvæði XII. kafla laga nr. 85/1936, um málskostnað, séu í gildi eða ekki. Verði þannig þessi ákvörðun héraðsdómara talin lögmæt, virðist sem dómstólar séu smám saman að víkja til hliðar ýmsum grundvallarákvæðum laga nr. 85/1936, um málskostnað, og er réttarfarsnauðsyn fyrir lögmenn og aðila dómsmála að fá vitneskju um, hvort þessi lagatúlkun fái staðist. Sérstaklega er brýnt að fá úr þessu skorið, eins og nú er komið málum á Íslandi, þar sem vitað er, að fjöldi manns beinlínis misnotar ýmsar réttarfarsheimildir til þess að draga mál á langinn og verða sér úti um fresti í almennum skuldamálum, þar sem engum vörnum verður venjulega við komið, t.d. með áfrýjunum og kærum, með því að krefjast úrskurða um formhlið mála o.s.frv. o.s.frv. Er réttlætanlegt, ef þessum aðilum dettur í hug að hefja eða fella niður slík mál, að þeir sleppi einnig við greiðslu málskostnaðar, þ.e., að gagnaðilar þeirra þurfi að svara málskostnaði vegna reksturs slíkra mála?

Verði hins vegar kæruehimild sóknaraðila í fyrra málinu viðurkennd, fær sóknaraðili með þeim hætti úr því skorið, hvort þessi

ákvörðun dómara fái staðist að lögum eða ekki. Eru þar með forsendur kæru á hendur dómara brostnar, og mun þá sóknaraðili falla frá kæru þessari, dags. 12. okt. sl., á hendur dómara málsins.“

Frá varnaraðila Eggerti Óskarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Rétt þykir að taka kæruefni á hendur héraðsdómara til afgreiðslu í þessu máli, enda þótt kærandi hafi sett þá kæru fram í sérstakri kæru. Kærumálin hafa því verið sameinuð.

Engin efni eru til að taka til greina kröfur kæranda á hendur héraðsdómara, og ber að sýkna héraðsdómara af kröfum sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðilinn Eggert Óskarsson borgardómari á að vera sýkn af kröfum sóknaraðila, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns f.h. Hilmis S. Hálfðánarsonar.
